Valreglur fyrir stórmót - Alpagreinar 2026-2027

HM Crans Montana, Sviss 1.–14. febrúar 2027

Val og grunnviðmið

- Við val verður horft til 28. FIS-lista, sem kemur út 05.01.2027, og árangurs á mótum til og með 11.01.2027.
- FIS-punktaviðmið: 70 FIS-punktar eða lægri.
- Aldur: FIS-aldur.
- Keppendur skulu hafa skíðað að lágmarki 50 daga áður en val fer fram.
- Keppendur skulu hafa náð að lágmarki 500 stigum í Ironman-prófi á síðustu 12 mánuðum fyrir val.

Gögn og endanlegt val

- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók.
- Landsliðsþjálfari ber ábyrgð á endanlegu vali keppenda sem taka þátt í mótinu fyrir hönd SKÍ.
- Valið skal byggja á þeim viðmiðum og forsendum sem fram koma í þessum valreglum.

Grunnkvóti

- Ísland fær úthlutaðan grunnkvóta fyrir einn karl og eina konu. Allir íslenskir keppendur skulu taka þátt í forkeppni um sæti í aðalkeppninni. Ef enginn íslenskur keppandi tryggir sér sæti í aðalkeppni í gegnum forkeppni fær sá grunnkvótasætið sem er með bestu FIS-punkta í viðkomandi grein. Miðað skal við nýjasta FIS-lista, sem kemur út 09.02.2027, meðal þeirra keppenda sem skráðir eru á mótið.
- Ef engin undankeppni er haldin í kvennaflokki fara allar íslenskar konur sem skráðar eru til keppni beint í aðalkeppnina.

Þátttaka á Skíðamóti Íslands

- Keppendur sem taka þátt í stórmótum á vegum SKÍ í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands og FIS-mótum sem haldin eru í tengslum við það.

Valreglur fyrir stórmót - Alpagreinar 2026-2027

HM unglinga – Whiteface Lake Placid (USA) 2.–12. mars 2027

Val og grunnviðmið

- Við val verður horft til 16. FIS-lista, sem kemur út 16.02.2027 og tekur til móta til og með 14.02.2027, og árangurs á mótum fyrr á keppnistímabilinu.
- FIS-punktaviðmið: Keppandi skal vera með undir 70 FIS-punkta í að minnsta kosti annarri greininni, svigi eða stórsvigi.
- Aldur: 16–20 ára (f. 2006–2010).
- Fjöldi og röðun: Að hámarki fjórir keppendur af hvoru kyni. Við röðun keppenda telur greinin þar sem keppandi er með betra heimslistasæti, að því gefnu að hann uppfylli FIS-punktaviðmiðið í þeirri grein.

Undirbúningur og gögn

- Keppendur skulu hafa skíðað að lágmarki 50 daga áður en val fer fram.
- Keppendur skulu hafa náð að lágmarki 250 stigum (16–17 ára) og 350 stigum (18–20 ára) í Ironman-prófi á síðustu 12 mánuðum fyrir val.
- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók.

Þátttaka og endanlegt val

- Ekki hefur enn verið tekin endanleg ákvörðun um hvort Skíðasamband Íslands sendi keppendur á HM unglinga 2027. Ákvörðun um þátttöku verður tekin þegar nær dregur mótinu, í samráði við landsliðsþjálfara og að teknu tilliti til kostnaðar. Uppfylling valviðmiða tryggir ekki sjálfkrafa þátttöku.
- Ef fleiri keppendur koma til greina en unnt er að velja fer endanlegt val fram samkvæmt þeim viðmiðum og forsendum sem fram koma í þessum valreglum.
- Keppendur sem fara á vegum SKÍ á stórmót í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands og FIS-mótum sem haldin eru í tengslum við það.
- AGN og landsliðsþjálfari áskilja sér rétt til að gera breytingar á endanlegu vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.

Valreglur fyrir stórmót - Alpagreinar 2026-2027

EYOF – Poiana Brasov, Rúmeníu 14.–21. febrúar 2027

Val, aldur og fjöldi

- Við val verður horft til 29. FIS-lista, sem kemur út 12.01.2027 og tekur mið af mótum til og með 10.01.2027.
- Aldur: 17–18 ára (f. 2009–2010).
- Fjöldi: Að hámarki fjórir keppendur af hvoru kyni. Betri grein keppanda gildir við val.
- FIS-punktaviðmið: Keppendur skulu hafa skorað undir 150 FIS-punktum í að minnsta kosti tveimur mótum í sömu grein.

Undirbúningur og gögn

- Keppendur skulu hafa skíðað að lágmarki 25 daga áður en val fer fram.
- Keppendur skulu hafa tekið Ironman-próf á síðustu 12 mánuðum fyrir val.
- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók ásamt stigum úr Ironman-prófinu.
- Keppendur skulu hafa tekið þátt í að minnsta kosti tveimur alþjóðlegum mótum erlendis.

Heildarmat við val

- Við val verður einnig horft til þátttöku í verkefnum SKÍ á undirbúningstímabilinu, árangurs á mótum og frammistöðu keppenda yfir tímabilið.
- Einnig verður horft til jákvæðrar framkomu og góðs liðsanda.

Þátttaka og endanlegt val

- Keppendur sem taka þátt í stórmótum á vegum SKÍ í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands og FIS-mótum sem haldin eru í tengslum við það.
- Endanlegt val byggir á heildarmati framangreindra þátta.
- AGN og þjálfari hæfileikamótunar áskilja sér rétt til að gera breytingar á endanlegu vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.